

6. fundur umhverfisnefndar

2. maí 2024 kl. 12.50

Mættir: Arnar Marinó, Bergrós Viðja, Tinna María, Heba, Sara Margrét, Ingibjörg Elva, Valgarður, Oddur, Veronika, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Survivor verður 24. maí í Álfhólsskógi. Umræður um að hafa 8 hópa, fjórar stöðvar og síðan fengju hóparnir verkefni að hanna og byggja brú yfir lækinn. Samþykkt að hafa þetta fyrirkomulag.
- Úttekt á útisvæðinu - gúmmí á rólum slitið, dekkinn farin í sundur við lækinn, spýtan yfir lækinn farin, göt á mörkunum, körfuboltakarfa beygluð, beðin orðin sjúskuð, brotin spýta á sviðinu, rafmagnskapall hangandi út, ræsi á körfuboltavelli stendur uppúr, tré þarf að saga og grisja, brýr yfir lækinn gengnar til, djúpar holur við brúna yfir ræsið, fallvarnir lausar og fullar af mold, þarf að gera grind fyrir rörin til að stoppa að dót fari niður lækinn, farið að flísast víða uppúr tréverki, fótboltavöllur fer á flöt þegar vorar og drenar ekki frá, spurning um að setja eitthvað í gróðurkassana á lóðinni.
- Síðasti fundur nefndarinnar í vetur og þökkum fyrir samstarfið.
- Nefndin fer í gönguferð um útisvæði og skoðar.